

Skoðun á lambhrútum undan stöðvarhrútum haustið 2010

Nú er lokið úrvinnslu á niðurstöðum um skoðun hrútlamba undan stöðvarhrútunum haustið 2010, sem búið var að skrá upplýsingar um í gagnagrunn sauðfjárræktarinnar undir lok október. Eins og áður munu þessar tölur fyrir hrútana sem enn eru lifandi birtast í hrútaskrá stöðvanna sem reikna má með að birtist innan hálfmánaðar.

Umfang á skoðun var eins og síðustu haust feikilega mikið þannig að flestir afkvæmahópanna eru mjög stórir og allnokkrir risastórir hópar.

Tölurnar úr ómmælingunum eru eins og áður leiðréttar tölur. Þeir þættir sem þar er tekið tillit til eru þungi lambsins, þannig að tölurnar ber að lesa eins og jafnvæn lömb hefðu verið í öllum afkvæmahópum, en talsverður munur er þar á eins og lesa má í töflunum. Þessi leiðrétting bitnar að einhverju leyti á kollóttu hrútunum vegna þess að lömbin undan þeim eru yfirleitt vænni eins og taflan sýnir. Þá er leiðrétt með tilliti til þess hvort lambið er einlembingur, tvílembingur eða marglembingur. Einlembingunum refsað smávegis vegna betra atlætis, sem þeir að jafnaði njóta, en marglembingarnir fá bættan upp aðstöðumun sinn. Að síðustu eru gerðar leiðréttingar með tilliti til þess að verið er að nota mismunandi ómsjár til mælinga eftir svæðum og mælingamenn tileinka sér aðeins breytilegar mælitækni. Þessar leiðréttingar leiða til þess að tölurnar eiga að vera komnar á jafn sambærilegan grunn til samanburðar og kostur er.

Tölurnar um dóma lambanna eru aftur á móti óleiðréttar stigatölur dómara. Þó að leitast sé við að samræma dóma hjá þeim mörgu dómurum, sem að störfum koma, þá er með öllu útilokað að nokkru sinni náist fullt samræmi í þessum efnum. Einhver áhrif af því að hrútarnir eiga lömb misdreif um landið eru því áreiðanlega fyrir hendi í þessum tölum eins og ætíð hefur verið.

Lömbin voru glæsilegri í heildina en nokkru sinni áður eins og tölurnar sýna. Fannar 07-808 á líkt og á síðasta ári hópinn sem mælist með þykkastan bakvöðva, meðaltalið örlitlu lægra en á síðasta ári. Hins vegar fær hann miklu meiri samkeppni af mörgum hrútum núna en var á síðasta ári. Afkvæmahópurinn með hæst heildarstig er hins vegar að þessu sinni undan Tý 06-819.

Faðir	Númer	Fjöldi	Vöðvi	Fita	Lag
Hyrnir	03-958	8	27,26	2,52	3,88
Frakksson	03-974	24	27,26	2,72	3,74
Mókollur	03-978	27	26,47	3,33	3,55
Vorm	03-988	27	29,91	3,05	4,14
Kaldi	03-989	21	27,98	2,92	4,00
Smyrill	04-800	83	27,66	3,09	3,89
Ás	04-813	99	26,52	3,08	3,65
Bogi	04-814	115	29,17	2,63	4,11
Kjói	04-816	34	27,80	2,84	4,00
Kóngur	04-829	154	28,20	2,77	3,89
Bramli	04-952	35	29,01	2,47	4,09
Þróttur	04-991	47	27,20	2,73	3,90
Cat	04-992	61	29,08	2,63	4,07
Gotti	05-804	147	28,36	2,71	4,03
Ylur	05-805	34	28,57	2,78	3,95
Shrek	05-817	53	27,38	2,95	3,73
Undri	05-818	151	27,62	2,99	3,94
Tengill	05-830	28	28,82	2,98	4,09
Kveikur	05-965	430	30,04	2,28	4,18
Raftur	05-966	540	29,19	2,32	4,15
Hvellur	05-969	90	29,25	2,87	4,11
At	06-806	164	28,59	2,88	3,97
Púki	06-807	104	28,22	2,88	3,94
Týr	06-819	44	28,67	3,34	4,02
Vöðvi	06-820	128	28,55	2,72	4,04
Bolli	06-821	154	27,85	2,79	3,93
Neisti	06-822	187	28,45	2,89	4,03
Stáli	06-831	150	28,64	2,71	3,95
Mundi	06-832	75	29,39	2,58	4,08
Grábotni	08-633	468	29,04	2,73	4,13
Fálki	06-834	242	29,07	2,63	4,16
Bifur	06-994	24	29,55	2,92	4,23
Fannar	07-808	219	30,96	2,86	4,28
Dökkvi	07-809	54	29,29	2,77	4,16
Freyðir	07-810	85	29,78	3,06	4,19
Prjónn	07-812	299	29,12	2,65	4,14
Blossi	07-823	121	28,27	2,99	3,89
Broddi	07-824	105	29,39	3,16	4,12
Skrauti	07-826	58	27,62	3,56	3,73
Sokki	07-835	163	28,50	2,87	4,08
Hrói	07-836	231	28,78	2,23	3,91
Hriflon	07-837	292	30,65	2,32	4,29
Borði	08-838	251	30,87	2,81	4,30
Hólmi	08-839	219	29,79	2,81	4,24
Kjarkur	08-840	221	29,10	2,72	4,02

Faðir	Númer	Fjöldi	Pungi	Leggur	Haus	H+H	B+Ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Samtals
Hyrnir	03-958	8	45,9	109	8,0	8,0	8,2	8,2	8,3	17,00	7,9	8,0	8,1	81,69
Frakksson	03-974	26	47,9	113	8,0	8,2	8,3	8,1	8,5	17,24	8,5	8,0	8,3	83,18
Mókollur	03-978	27	46,4	111	8,0	8,1	8,1	7,9	8,2	17,04	7,8	8,0	8,2	81,34
Vorm	03-988	28	45,5	110	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,30	7,7	8,0	8,2	82,90
Kaldi	03-989	20	45,5	111	8,0	7,9	8,2	8,2	8,3	17,19	7,9	8,0	8,2	81,79
Smyrill	04-800	82	47,2	111	7,9	8,0	8,4	8,1	8,4	17,13	7,9	8,0	8,2	81,99
Ás	04-813	101	49,3	112	8,0	8,1	8,4	7,9	8,3	17,09	8,1	8,0	8,3	82,15
Bogi	04-814	116	48,9	112	8,0	8,2	8,3	8,5	8,5	17,28	8,3	8,0	8,3	83,38
Kjói	04-816	35	49,4	115	8,0	8,2	8,3	8,1	8,4	17,01	8,3	8,0	8,3	82,50
Kóngur	04-829	156	46,8	109		8,2	8,4	8,3	8,5	17,24	7,9	8,0	8,2	82,71
Bramli	04-952	36	42,9	110	8,0	8,1	8,3	8,4	8,5	17,23	7,8	8,0	8,2	82,56
Próttur	04-991	45	45,8	110	8,0	8,2	8,3	8,2	8,6	17,28	7,8	8,0	8,2	82,55
Cat	04-992	61	43,6	108	8,0	8,2	8,4	8,4	8,6	17,53	7,6	8,0	8,3	83,09
Gotti	05-804	150	47	110	8,0	8,0	8,5	8,2	8,5	17,32	8,0	8,0	8,3	82,84
Ylur	05-805	35	43,9	109	8,0	8,1	8,3	8,3	8,5	17,23	8,1	8,0	8,2	82,75
Shrek	05-817	53	49,9	112	8,0	8,3	8,4	8,1	8,5	17,31	8,1	8,0	8,2	82,78
Undri	05-818	147	49,9	112	8,0	8,2	8,4	8,2	8,5	17,28	8,4	8,0	8,3	83,20
Tengill	05-830	29	44,7	108	8,0	8,3	8,4	8,3	8,6	17,40	7,9	8,0	8,2	83,07
Kveikur	05-965	442	47,1	109	8,0	8,3	8,5	8,6	8,7	17,50	7,9	8,0	8,2	83,58
Raftur	05-966	536	47,2	109	8,0	8,1	8,5	8,4	8,6	17,46	7,7	8,0	8,3	82,97
Hvellur	05-969	91	46,1	111	8,0	8,2	8,4	8,4	8,6	17,33	8,2	8,0	8,3	83,23
At	06-806	170	46,5	109	7,8	8,2	8,4	8,3	8,5	17,54	7,8	8,0	8,2	82,89
Púki	06-807	107	47,5	112	7,9	8,2	8,4	8,2	8,4	17,39	7,8	7,9	8,2	82,45
Týr	06-819	39	48,4	111	8,0	8,4	8,6	8,3	8,7	17,49	8,3	8,0	8,3	84,06
Vöðvi	06-820	135	48,6	113	8,0	8,3	8,4	8,3	8,5	17,27	8,1	8,0	8,4	82,83
Bolli	06-821	152	49,6	114	7,9	8,1	8,3	8,2	8,4	17,14	8,4	8,0	8,3	82,73
Neisti	06-822	187	48,8	112	8,0	8,2	8,3	8,3	8,5	17,27	8,4	8,0	8,3	83,31
Stáli	06-831	154	46,2	110	7,9	8,3	8,5	8,4	8,6	17,46	7,9	8,0	8,3	83,49
Mundi	06-832	75	46,4	109	8,0	8,0	8,4	8,4	8,5	17,47	7,7	8,0	8,2	82,82
Grábotni	06-833	472	47,6	110	8,0	8,2	8,5	8,4	8,6	17,48	7,8	8,0	8,3	83,29
Fálki	06-834	245	46,1	108	8,0	8,3	8,4	8,4	8,6	17,42	7,8	8,0	8,2	83,09
Bifur	06-994	24	47,1	112	7,9	8,2	8,4	8,5	8,6	17,33	7,6	8,0	8,3	82,80
Fannar	07-808	221	44,2	109	8,0	8,3	8,5	8,7	8,7	17,60	7,9	8,0	8,2	83,88
Dökkvi	07-809	54	44,7	110	8,0	8,3	8,4	8,4	8,5	17,22	7,8	8,0	8,2	82,91
Freyðir	07-810	86	46,4	111	8,0	8,2	8,4	8,5	8,6	17,44	7,9	8,0	8,3	83,29
Prjónn	07-812	301	45,5	107	8,0	8,3	8,5	8,5	8,6	17,53	7,8	8,0	8,2	83,38
Blossi	07-823	118	48	112	7,9	8,2	8,4	8,2	8,5	17,36	8,4	8,0	8,2	83,17
Broddi	07-824	105	48,3	112	7,9	8,1	8,4	8,4	8,5	17,48	8,1	8,0	8,2	83,30
Skrauti	07-826	59	48,2	111	7,9	8,2	8,3	8,2	8,3	17,22	7,9	8,0	8,2	82,41
Sokki	07-835	165	45,1	108	8,0	8,3	8,5	8,4	8,6	17,58	7,9	8,0	8,1	83,29
Hrói	07-836	234	48,5	111	7,9	8,0	8,5	8,4	8,5	17,27	7,8	8,0	8,4	82,67
Hriflon	07-837	293	45,3	110	8,0	8,1	8,3	8,7	8,6	17,52	8,1	8,0	8,3	83,55
Borði	08-838	257	45,6	108	7,9	8,2	8,5	8,7	8,7	17,72	7,8	8,0	8,2	83,83
Hólmi	08-839	220	46,9	108	8,0	8,3	8,5	8,5	8,6	17,53	7,8	8,0	8,2	83,49
Kjarkur	08-840	223	46,9	110	8,0	8,0	8,4	8,4	8,5	17,29	7,8	8,0	8,3	82,67